

Reykjavík 9. desember 2020

Nefnd um heiðurslaun listamanna kom saman í dag að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar til að fjalla um fyrirbyggjandi tillögur um heiðurslaun listamanna og veita þeim umsögn. Í störfum sínum hafði nefndin til hliðsjónar sem fyrr Lög um heiðurslaun Alþingis, og skilgreiningu 3. gr. laganna þar sem segir:

„Þeir einir geta notið heiðurslauna sem hafa varið starfsævi sinni eða verulegum hluta hennar til liststarfa eða skarað fram úr við listsköpun sína eða ef störf þeirra að listum hafa skilað miklum árangri á Íslandi eða á alþjóðavettvangi. Taka skal tillit til skiptingar í hópi heiðurslaunamanna eftir listgreinum og kyni.“

Lítur nefndin svo á að heiðurslaun Alþingis feli fyrst og fremst í sér virðingavott og viðurkenningu til framúrskarandi listamanna þjóðarinnar undir lok langs og gifturíks starfsferils. Að þessum forsendum gefnum gerir nefndin tillögu um að eftirtöldum listamönnum verði veitt heiðurslaun listamanna árið 2020:

Jón Ásgeirsson (f. 1928)

Tónlistarferill Jóns Ásgeirssonar spannar sjö áratugi: tónskáld, kennari og stjórnandi kóra og hljómsveita. Eftir hann liggja fjórar óperur, stór og smá hljómsveitarverk og fjöldi sönglaga og útsetninga þjóðlaga. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir íslensk tónskáld og hlotið margháttaðan heiður. Framlag hans byggir á grunni þjóðmenningar sem hann endurnýjar í verkum sínum af þrótti og með sterkum höfundareinkennum.

Hildur Hákonardóttir (f. 1938)

Hildur er frumkvöðull í nýrri stefnu myndvefnaðar hér á landi þar sem sameinaðar voru hugsjónir, gagnrýnin hugmyndafræði og fersk myndsyn, en nú standa yfir tvær stórar yfirlitssýningar sem sýna þessa fornu list, vefinn, og hversu margir listamenn hafa sinnt þessu listformi og er Hildur þar fremst meðal jafningja. Hún hefur auk þess gefið ríkulega af sér til starfa tengdum myndlist, s.s. kennslu, skólastjórnunar og sýningagerðar.

Virðingarfyllst,

Hulda Stefánsdóttir (formaður og fulltrúi háskólastigsins)

Páll Baldvin Baldvinsson (fulltrúi Bandalags íslenskra listamanna)

Aðalsteinn Haukur Sverrisson (fulltrúi Mennta-og menningarmálaráðherra)